

Ríkisskattstjóri
Nóvember 2001

Fylgiskjal 2

Svör
við spurningum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
vegna máls 114, tekjuskattur og eignarskattur o.fl.

Með rafbréfi dagsettu 23. 10. 2001 sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra 8 spurningar, sem nefndarmaður hafði óskaði eftir að svarað yrði með umsögn embættisins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ríkisskattstjóri óskað eftir skýringum á nokkrum atriðum spurninganna og fékk þær með rafbréfi dagsettu 24. október 2001. Spurningar þessar eru á fylgiskjali 1 með umsögninni.

Sp. 1

Hver var álagður tekjuskattur, eignarskattur og tryggingagjald á félög við síðustu álagningu og hver hefði hann orðið ef breytingar skv. frumvarpinu hefðu verið komnar til framkvæmda? Niðurstöðurnar óskast sundurliðaðar eftir:

- a) landshlutum eða kjördæmum,*
- b) atvinnugreinum,*
- c) fjárhæð tekjuskatts fyrirtækja,*
- d) fjárhæð tryggingagjalds.*

Við álagningu á lögaðila í október 2001 á skattstofna ársins 2001 var fjárhæð þeirra gjalda sem spurningi lýtur eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Ennfremur eru í henni áætlaðar fjárhæðir miðað við þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Auk skatta á félög er tryggingagjald einstaklinga í rekstri meðtalið í þeim tilgangi að gefa sem heillegasta mynd.

Tekið skal fram að áætlanir þessar eru eingöngu afleiðing af breyttum álagningarforsendum að þessu leyti en fela ekki í sér spá eða áætlun um áhrif breytinganna.

Álagning á lögaðila og tryggingagjald 2001

m. kr.

Skatttegund	Álagning 2001	Áætlun. br. forsendur	Breyting
Tekjuskattur	9.141	5.448	-3.693
Eignarskattar	2.399	1.003	-1.396
Tryggingagjald félög	18.255	20.954	2.669
Tryggingagjald, einst.	1.585	1.823	238
Samtals	31.380	29.228	2.182

Í a) lið spurningarinnar er óskað eftir að niðurstöðurnar verði sundurliðaðar eftir landshlutum eða kjördæmum. Í svari þessu er stuðst við sundurliðun eftir skattumdæmum. Sundurliðun heildarfjárhæðanna eftir umdæmum er þessi en frekari sundurliðun er að finna í töflu 1.a.

Breyting á sköttum og tryggingagjaldi eftir umdæmum

Skattumdæmi	Lækkun skatta	Hækkun tryggingagjalds	Mismunur
Reykjavík	3.365	1.728	- 1.637
Reykjanes	966	493	- 473
Vesturland	121	118	- 3
Vestfirðir	75	64	- 11
Norðurland vestra	81	78	- 3
Norðurland eystra	194	201	7
Austurland	57	89	32
Suðurland	205	92	- 113
Vestmannaeyjar	23	43	20

Í liðum b, c og d í spurningunni er óskað eftir sundurliðun breytinganna eftir atvinnugreinum og fjárhæðum breytinganna. Þær upplýsingar er að finna í töflum 1 b, 1 c og 1 d.

Sp. 2

Hver eru áhrif af hækkun viðmiðunarmarka sérstaks tekjuskatts, m.a. á eftirfarandi þætti?

- Hversu margir greiddu sérstakan tekjuskatt við síðustu álagningu og hversu margir hefðu þeir orðið miðað við hin nýju viðmiðunarmörk?*
- Hver var álagður sérstakur tekjuskattur við síðustu álagningu og hver hefði hann orðið miðað hækkun viðmiðunarmarkanna?*
- Hversu stór hluti framteljenda hefur greitt sérstakan tekjuskatt sl. 5 ár?*
- Hversu stór hluti framteljenda hefur greitt almennan tekjuskatt eða útsvar sl. 5 ár?*
- Hver er tekjuskattsbyrði (tekjuskattar, útsvar og fjármagnstekjuskattar samtals sem hlutfall af heildartekjum) eftir tekjubilum, t.d. þannig að 5-10% framteljenda séu í hverju bili, og hvernig breytast þau hlutföll við hækkun viðmiðunarmarka fyrir sérstakan tekjuskatt?*

Áhrif breytinga skv frumvarpinu á skattútreikning einstaklinga, þ.e. lækkun á almenna skatthlutfallinu um 0,33% og hækkun viðmiðunarmarka sérstaka tekjuskattsins eru sýnd í töflu 2 þar sem fram koma reiknaðar skattgreiðslur og meðalskatthlutföll við mismunandi tekjuforsendur. Við útreikning þennan er ekki tekið tillit til frádráttarliða eða bóta. Eins og þessar töflur bera með sér lækkar meðalskatthlutfall á tekjur frá almennum skattleysismörkum og að viðmiðunarmörkum sérstaka tekjuskattsins um 0,33% en ofan þeirra marka er lækkunin mest eða rúmlega 1% en fer lækkandi frá því er ofar dregur. Áhrif af hækkun viðmiðunarmarkanna einna eru framangreindar tölur að frádregnum 0,33% eða frá u.þ.b. 0,8% næst ofan viðmiðunarmarkanna og síðan lækkandi eftir því sem ofar dregur.

Í spurningu 2 a) er óskað upplýsinga um hversu margir hefðu greitt sérstakan tekjuskatt við síðustu álagningu og hversu margir þeir hefðu orðið miðað við hin nýju viðmiðunarmörk. Við álagningu skatta á einstaklinga á árinu 2001 á tekjur ársins 2000 var sérstakur tekjuskattur lagður á 6.411 einhleypa gjaldendur og á annað eða bæði 6.826 hjóna en skattlagningin ræðst eins og kunnugt er af samanlögðum tekjum þeirra. Alls var sérstakur tekjuskattur lagður á 14.506 gjaldendur.

Með hækkun viðmiðunarmarka fyrir sérstakan tekjuskatt um 15% eins og frumvarpið gerir ráð fyrir hefðu 3.926 einhleypir og annað eða bæði 3.919 hjóna fengið lagðan á sig sérstakan tekjuskatt. Samtals hefðu 8.491 fengið slíka álagningu og hefði þannig fækkað um 6.015.

Í spurningu 2 b) er spurt um fjárhæð sérstaks tekjuskatts og hvernig hún hefði breyst með hækkunum viðmiðunarmörkum. Við álagningu 2001 var sérstakur tekjuskattur lagður á einhleypa að fjárhæð 488 m.kr. og að fjárhæð 998 m.kr. á hjón eða alls 1.486 m.kr. Með breyttum viðmiðunarmörkum hefði sérstakur tekjuskattur á einhleypa lækkað í 311 m.kr. og í 628 m.kr. hjá hjónum og orðið alls 939 m.kr. Lækkun er því alls 546 m.kr. Tekið skal fram að í þessum tölum eru ekki meðtaldir þeir gjaldendur, sem fá álagningu með svokölluðum handreikningi, þ.e. utan hins almenna reiknikerfis RSK. Að þeim meðtöldum má gera ráð fyrir að framangreindar tölur væru ca 5% hærri.

Í spurningum 2 c) og 2 d) er spurt um hvaða hlutfall framteljenda hafi greitt sérstakan tekjuskatt og almenna tekjuskatta sl. 5 ár. Í töflu 2 b) er yfirlit yfir fjölda gjaldenda sl. 5 ár þar sem umbeðnar upplýsingar koma fram. Þar kemur fram að frá því að sérstakur tekjuskattur var fyrst lagður á, 1994, hefur gjaldendum hans fjölgað úr 7.511 í 15.144. Sem hlutfall af framteljendum með skattskyldar tekjur er þetta hækkun úr 3,9% í 7,1%. Á sama tíma hefur gjaldendum almenns tekjuskatts og/eða útsvars fjölgað úr 103.908 í 135.308. Sem hlutfall af framteljendum með skattskyldar tekjur er þetta hækkun úr 53,9% í 63,0%.

Í spurningu 2 e) er spurt um tekjuskattsbyrði og dreifingu hennar eftir tekjubilum og jafnframt hvernig þessi atriði breytist við hækkun viðmiðunarmarka fyrir sérstakan tekjuskatt. Í töflu 2 e) koma fram svör við þessari spurningu. Í þeim eru tekjubilin miðuð við það að í hverju þeirra séu 10% framteljenda nema í lægstu og efstu tekjubilunum þar sem bilið er haft minna vegna meiri breytileika innan þeirra en að jafnaði. Flokkun framteljenda er miðuð við heildartekjur skv. skattframtölum óháð því hvort þær eru skattskyldar eða ekki og án tillits til skattlagningar. Í töflunni kemur fram fjöldi gjaldenda í hverju tekjubili, heildartekjur þeirra, skattstofnar, álagðir skattar, bætur og meðalskatthlutfall, sem reiknað er sem skattar að frádregnum bótum sem hlutfall af heildartekjum.

Samkvæmt töflunum er meðalskattbyrði hjóna af öllum tekjusköttum frá – 7,4%, þ.e. bætur eru hærri en skattar, hjá lægstu 5 prósentum hjóna með tekjur allt að 1,7 m.kr. og upp í um 28% hjá þeim sem eru með tekjur á bilinu ca 10 – 13 m.kr. en hlutfallið lækkar hjá þeim sem eru með hærri tekjur vegna þess hve vægi fjármagnstekna er orðið mikið. Svipaða sögu er að segja af dreifingu á skattbyrði einhleypa en tekjudreifing þess hóps ber þess merki að í honum er fjöldi ungmenna á skólaaldri og aldraðra mikill.

Áhrif af breyttum viðmiðunarmörkum á skattbyrðina hafa ekki verið reiknuð nákvæmlega en unnt er að áætla þau allvel með hliðsjón af þeim upplýsingum sem er að finna í töflu 2. Samkvæmt þeirri töflu er lækkun skatthlutfallsins vegna hækkunar viðmiðunarmarkanna hæst um 0,8 - 0,9% af almenna tekjuskattstofninum. Miðað við heildartekjur er lækkun hlutfallsins minni þar sem sérstaki tekjuskatturinn er ekki lagður á þær tekjur, sem eru andlag fjármagnstekjuskatts. Lækkunin er mest við hin hækkun viðmiðunarmörk en lækkar eftir því sem ofar dregur bæði vegna þess að lækkunin er föst fjárhæð en ekki síður vegna þess að í efstu tekjubilunum eru fjármagnstekjur það stór hluti heildartekna og nokkur hluti þeirra, sem þar eru greidda engan hátekjuskatt. Samkvæmt þessu má áætla að vegna hækkunar viðmiðunarmarka fyrir sérstaka tekjuskattinn muni meðalskatthlutfall í þremur hæstu tekjuflokkunum,

þ.e. efstu tíundinni lækka um 0,2 til 0,7 prósentustig og er síðasti dálkur töflunnar miðaður við það.

Sp. 3.

Hvað var reiknað endurgjald einstaklinga með sjálfstæðan rekstur og hreinar tekjur þeirra af atvinnurekstri háar fjárhæðir við síðustu álagningu og hvaða áhrif hefði það á tekjur til ríkisins annars vegar og útsvar til sveitarfélaga hins vegar ef hluti þessara tekna breytast í rekstrarhagnað og arð af félögum. Miðað verði við það að tilfærslan verði:

- a) 10%
- b) 25%
- c) 50%

Niðurstöðurnar óskast sundurliðaðar eftir kjördæmun.

Ekki hefur enn sem komið er unnist tími til að ljúka við útreikninga til svars við þessum spurningum. Verða svörin send efnahags- og viðskiptanefnd þegar þau liggja fyrir, sem verður væntanlega á næstu dögum.

Sp. 4.

Hvað er áætlað verðmæti úthlutaðs kvóta og hver er áætlaður söluhagnaður ef hann yrði allur seldur? Hvaða áhrif hefur frumvarpið á skattlagningu söluhagnaðar af kvóta?

- a) *í eigu hlutafélags,*
- b) *í eigu sameignarfélags,*
- c) *í eigu einstaklings í rekstri annars vegar ef hann er seldur frá honum og hins vegar ef reksturinn er færður í félagsform áður en kvótinn er seldur?*

Ríkisskattstjóri hefur ekki tiltækar upplýsingar um verðmæti úthlutaðs kvóta né getur áætlað söluhagnað af honum. Svör við spurningum 4 a) til c) um áhrif frumvarpsins á skattlagningu söluhagnaðar af kvóta fara hér á eftir.

- a) Sé úthlutaður kvóti í eigu hlutafélags, sem síðan selur hann, telst allt söluverðið til skattskyldra tekna, sem skattleggjast nú með 30% hjá félaginu. Við greiðslu hagnaðar eftir skatt til hluthafans (arðsúthlutun), eða við sölu hans á hlut sínum greiðir hann 10% skatt (af 70%) þannig að heildarskattgreiðslan verður 37% af söluhagnaðinum. Með ákvæðum frumvarpsins verður skattur félagsins 18% og skattur hluthafans 10% (af 82%) og heildarskattgreiðslan 26,2%. Frumvarpið hefur því í för með sér tæplega 11% lækkun á skattlagningu á söluhagnaði úthlutaðs kvóta í eigu hlutafélags.
- b) Sé úthlutaður kvóti í eigu sameignarfélags seldur telst söluverðið vera skattskyldar tekjur og á það leggst nú 38% skattur. Úthlutun úr sameignarfélagi er skattfrjál. Með ákvæðum frumvarpsins myndi skatturinn lækka í 26% og skattlagning söluhagnaðarins þannig lækka um 12% frá því sem nú er.
- c) Selji einstaklingur í rekstri kvóta sem honum hefur verið úthlutað telst söluverðið rekstrartekjur í hendi hans og þær skattlagðar með tekjuskatti og útsvari og eftir atvikum sérstökum tekjuskatti eins og almennar tekjur. Það fer þá eftir fjárhæð teknanna hver skattlagningin verður. Jaðarskatturinn er um 38% upp að vimiðunarmörkum sérstaka tekjuskattsins en um 45% eftir það. Með ákvæðum frumvarpsins breytist skattlagning einstaklinga ekki verulega að því er þetta varðar að öðru leyti en því að viðmiðunarmörk sérstaka tekjuskattsins hækka eins og gerð hefur verið grein fyrir. Með ákvæðum frumvarpsins opnast hins vegar leið

fyrir einstaklinga í rekstri, sem ekki var áður fyrir hendi sem hefur veruleg skattaleg áhrif. Með stofnun hlutafélags um reksturinn má færa kvótann á bókfærðu verði (0 kr.) í stofnefnahagseeikning félagsins. Við sölu hlutafélagsins á kvótanum greiðist 18% skattur og við slit þess telst úthlutunin til arðstekna og skatturinn verður 10%. Þannig verður heildarskattlagningin 26,2%.

Tekið skal fram að framangreind áhrif og hliðrunarmöguleikar eru ekki einskorðaðir við sölu kvóta en eiga við um allar duldar eignir svo sem fasteignir og aðrar rekstrareignir, sem afskrifaðar hafa verið umfram verðgildisrýrnun, viðskiptavild og réttindi hvers konar.

Sp. 5.

Hver eru rökin fyrir því að leggja sérstaka tekjuskattinn eimungis á launatekjur, lífeyri o.s.frv. en ekki á fjármagnstekjur?

- a) *Hversu stór hluti heildartekna eru skattlagðar sem fjármagnstekjur. Óskað er svara eftir tekjubilum, t.d. þannig að 5-10% framteljenda séu í hverju bili.*
- b) *Hvaða tekjur fengjust með því að leggja sérstakan tekjuskatt á fjármagnstekjur með þeim hætti að tekjumörk sérstaka tekjuskattsins væru miðuð við heildartekjur, þ.e. fjármagnstekjur og aðrar tekjur.*

Ekki hefur enn sem komið er unnist tími til að ljúka við útreikninga til svars við þessum spurningum. Verða svörin send efnahags- og viðskiptanefnd þegar þau liggja fyrir, sem verður væntanlega á næstu dögum.

Sp. 6.

Hverjar voru arðgreiðslur til eigenda einkahlutafélaga og fjöldi á s.l. ári samanborið við árin 1998 og 1999 og hve stór hluti heildartekna eigenda eru arðgreiðslur til þeirra á þessum árum? Hvaða aðilar í einstaklingsrekstri og fjöldi má ætla að breyttu rekstrarformi sínu m.v. ákvæði frumvarpins og hvaða skattalega hagræði fylgir þeirri breytingu?

Ekki hefur enn sem komið er unnist tími til að ljúka við útreikninga til svars við þessum spurningum. Verða svörin send efnahags- og viðskiptanefnd þegar þau liggja fyrir, sem verður væntanlega á næstu dögum.

Sp. 7.

Hvað kostaði það ríkissjóð ef námslán væru frádráttarbær frá tekjuskattsstofni?

Við álagningu 2001 fengust með rafrænum framtölum upplýsingar um vexti af námslánum en ekki um afborganir af þeim. Voru vaxtagreiðslur 707 m.kr. hjá 32.620 framteljendum Þar af voru vaxtagreiðslur að fjárhæð 626 m.kr. hjá 22.813 framteljendum með tekjur yfir skattleysismörkum. Með því að vextir væru frádráttarbærir má ætla að skattar hefðu lækkað um 238 m.kr., þar af útsvar um 75 m.kr. og tekjuskattur til ríkissjóðs um 163 m.kr. Eins og áður segir skortir forsendur til að meta áhrif af frádráttarbærni afborgana af námslánum.

Sp. 8. (umorðuð að fengnum nánari skýringum fyrirspyrjanda)

Hverjir eru kostir þess að skattleggja fjármagnstekjur með sama hætti og tekjuskatt í stað í stað 10% fjármagnstekjuskatts og hverjar hefðu tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaga orðið vegna álagningar þessa árs ef tekjuskattshlutfalli hefði verið beitt

á fjármagnstekjur? Miða skal við sérstök frítekjumörk þannig að 50 þúsund krónur í vaxtatekjur hjá einstaklingi og 100 þúsund króna vaxtatekjur hjá hjónum dragist frá vaxtatekjum, en 60% (þó ekki arð) af því sem þá stendur eftir leggst við skattstofn sem skattskyldar tekjur. Annað dæmi sem miðaðist við 35 þúsund hjá einstaklingi og 70 þúsund hjá hjónum og síðan 60% af því sem þá stendur leggst við skattstofn sem skattskyldar tekjur óskast líka sýnt. Þriðja dæmið taki svo eingöngu mið af frádrætti vegna verðryrnunar (verðbólgu), þannig að hluti fjármagnstekna (á bilinu 60- 75%) yrði talinn til skattstofns. Geta skal um í hverju tilviki fyrir sig hve stór hluti fjármagnstekna teljist miðað við þessa útreikninga til skatts, þannig að frítekjumarkið komið skýrt fram.

Ekki hefur enn sem komið er unnist tími til að ljúka við útreikninga til svars við þessum spurningum. Verða svörin send efnahags- og viðskiptanefnd þegar þau liggja fyrir, sem verður væntanlega á næstu dögum.

Fylgigögn:

Tafla 1.a: Breytingar á sköttum lögaðila eftir skattumdæmum

Tafla 1.a.1: Breytingar á sköttum lögaðila eftir skattumdæmum

Tafla 1.b: Breytingar á sköttum lögaðila eftir atvinnugreinum

Tafla 1.c: Breytingar á sköttum lögaðila eftir tekjuskattsstofni

Tafla 1.c.1: Breytingar á sköttum lögaðila eftir áhrifum

Tafla 1.d.: Breytingar á sköttum lögaðila eftir tryggingagjaldi

Tafla 2: Tekjuskattar

Tafla 2.a og b: Sérstakur tekjuskattur, fjöldi gjaldenda og fjárhæð

Tafla 2.c og d: Fjöldi skattgreiðenda 1991-2001

Tafla 2.e.1: Tekjur, tekjuskattar og skatthlutföll 2001, einhleypir

Tafla 2.e.2: Tekjur, tekjuskattar og skatthlutföll 2001, hjón og samskattaðir

Tafla 7: Námslán, vaxtagjöld og eftirstöðvar 2000

Breytingar á sköttum lögaðila eftir skattumdæmum

(Í milljónum króna)		Eignarskattar samtals			Tekjuskattur			Tryggingagjald			Heildarbreyting skatta
Rekstrarform	Fjöldi félaga	Álagning	Frumvarp	Breyting	Álagning	Frumvarp	Breyting	Álagning	Frumvarp	Breyting	
Reykjavík	11.502	1.469	608	-861	6.191	3.687	-2.504	11.189	12.834	1.728	-1.637
Reykjanes	4.540	442	183	-259	1.728	1.022	-706	2.906	3.330	493	-472
vesturland	1.360	101	42	-59	153	90	-62	711	813	118	-4
Vestfirðir	816	36	15	-21	133	79	-54	383	438	64	-12
Norðurland-vestra	725	63	26	-37	108	64	-44	483	552	78	-2
Norðurland-eystra	1.733	93	39	-55	342	203	-139	1.265	1.447	201	6
Austurland	985	28	12	-17	98	58	-40	545	623	89	33
Suðurland	1.827	127	53	-74	322	191	-131	499	572	92	-114
Vestmannaeyjar	314	21	9	-12	28	16	-11	274	313	43	19
Lögaðilar samtals	23.802	2.381	985	-1.396	9.103	5.411	-3.693	18.255	20.923	2.907	-2.182

6.11.2001

Breytingar á sköttum lögaðila eftir skattumdæmum

(Í milljónum króna)

Rekstrarform	Fjöldi félaga	Breyting á eignarskatti	Breyting á tekjuskatti	Breyting á tryggingagjaldi	Helidarbreyting skatta
Reykjavík					
Hlutafélög	7.628	-775	-2.361	967	-2.169
Sameignarfélög	834	-86	-144	15	-214
Undanþegin félög	3.040	0	0	663	663
Einstaklingar með rekstur				83	83
Samtals	11.502	-861	-2.504	1.645	-1.637
Reykjanes					
Hlutafélög	3.539	-253	-675	279	-649
Sameignarfélög	279	-6	-31	5	-31
Undanþegin félög	722	0	0	140	140
Einstaklingar með rekstur				69	69
Samtals	4.540	-259	-706	424	-472
Vesturland					
Hlutafélög	639	-57	-56	75	-38
Sameignarfélög	89	-2	-6	2	-7
Undanþegin félög	632	0	0	26	26
Einstaklingar með rekstur				16	16
Samtals	1.360	-59	-62	102	-4
Vesfirðir					
Hlutafélög	538	-21	-52	38	-35
Sameignarfélög	54	-1	-2	1	-2
Undanþegin félög	224	0	0	17	17
Einstaklingar með rekstur					9
Samtals	816	-21	-54	55	-12
Norðurland-vestra					
Hlutafélög	394	-35	-40	49	-26
Sameignarfélög	77	-2	-3	1	-4
Undanþegin félög	254	0	0	19	19
Einstaklingar með rekstur				9	9
Samtals	725	-37	-44	69	-2
Norðurland-eystra					
Hlutafélög	1.068	-51	-126	125	-53
Sameignarfélög	155	-3	-13	4	-13
Undanþegin félög	510	0	0	54	54
Einstaklingar með rekstur				18	18
Samtals	1.733	-55	-139	183	6
Austurland					
Hlutafélög	588	-16	-36	55	3
Sameignarfélög	57	-1	-4	1	-3
Undanþegin félög	340	0	0	22	22
Einstaklingar með rekstur				11	11
Samtals	985	-17	-40	78	33
Suðurland					
Hlutafélög	751	-73	-126	44	-155
Sameignarfélög	58	-1	-6	1	-6
Undanþegin félög	1.018	0	0	28	28
Einstaklingar með rekstur				19	19
Samtals	1.827	-74	-131	73	-114

6.11.2001

Breytingar á sköttum lögaðila eftir skattumdæmum

(Í milljónum króna)

Rekstrarform	Fjöldi félaga	Breyting á eignarskatti	Breyting á tekjuskatti	Breyting á tryggingagjaldi	Heildarbreyting skatta
Vestmannaeyjar					
Hlutafélög	210	-12	-10	30	8
Sameignarfélög	24	-1	-2	0	-2
Undanþegin félög	80	0	0	9	9
Einstaklingar með rekstur				4	4
Samtals	314	-12	-11	39	19
Landið allt					
Hlutafélög	15.355	-1.293	-3.482	1.662	-3.114
Sameignarfélög	1.627	-102	-211	31	-282
Undanþegin félög	6.820	0	0	976	976
Einstaklingar með rekstur	0	0	0	229	238
Samtals	23.802	-1.396	-3.693	2.898	-2.182

Breytingar á sköttum lögaðila eftir atvinnugreinum

(í milljónum króna)

Bákur	Atvinnugrein	Fjöldi félaga	Breyting á eignarskatti	Breyting á tekjusköttum	Breyting á tryggingagjaldi	Heildarbreyting skatta
A	Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	424	-9	-19	10	-18
B	Fiskveiðar	640	-63	-125	102	-87
C	Námagröftur og vinnsla hráefna úr jörðu annarra en orkugjafa	20	-7	-22	4	-24
D	Iðnaður	2.001	-316	-563	456	-423
	DA Matvæla- og drykkjarvöruíðnaður; tóbaksiðnaður	507	-109	-159	224	-44
	DB/DC Textíl- og fataiðnaður	109	-12	-11	14	-9
	DD Trjálíðnaður	94	-4	-12	8	-9
	DE Pappírsiðnaður og útgáfustarfsemi	412	-35	-104	45	-94
	DF/DG Efnaiðnaður o.fl.	40	-22	-46	14	-55
	DH Gúmmí- og plastvöruframleiðsla	70	-18	-15	12	-21
	DI Gler-, ier- og steinefnaiðnaður	83	-24	-49	19	-54
	DJ Málmiðnaður	265	-47	-69	57	-59
	DK Vélsmiði og vélaviðgerðir	110	-16	-28	21	-23
	DL Rafmagns- og rafeindaiðnaður	83	-5	-13	14	-5
	DM Framleiðsla samgöngutækja	78	-10	-32	18	-24
	DN Húsgagnaiðnaður og annar ótalinn	150	-13	-26	12	-26
E	Veitur	91	0	-1	19	18
F	Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð	1.653	-88	-394	145	-337
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	3.009	-343	-1.054	324	-1.073
H	Hótel- veitingahúsarekstur	627	-10	-89	54	-45
I	Samgöngur og flutningar	638	-75	-80	197	42
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	423	-128	-305	130	-303
K	Fasteignaviðskipti, leigustarsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	5.474	-281	-603	215	-669
L	Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	482	0	0	674	674
M	Fræðslustarfsemi	285	0	-9	17	8
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	719	-8	-79	151	63
O	Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	3.288	-12	-54	73	7
Q	Starfsemi alþjóðlegra stofnana og samtaka með úreldisrétt	12	0	0	25	25
	Ótilgreind starfsemi	463	-6	-36	1	-41
	Engin starfsemi	3.453	-46	-223	71	-199
	Ekkert númer gefið upp	100	-2	-36	0	-37
	Samtals	23.802	-1.396	-3.693	2.669	-2.420

Breytingar á sköttum lögaðila eftir tekjuskattsstofni

(Í milljónum króna)

Tekjuskattsstofn	Fjöldi félaga	Breyting á eignarskatti	Breyting á tekjusköttum	Breyting á tryggingagjaldi	Heildarbreyting skatta
Hlutafélög					
0-2,5	13.409	-719	-523	1.214	-28
2,5-5	954	-71	-438	72	-437
5-7,5	388	-51	-296	44	-303
7,5-10	131	-42	-139	22	-160
10-12,5	136	-37	-189	34	-192
12,5-15	64	-17	-108	16	-109
15-17,5	43	-17	-86	9	-94
17,5-20	31	-13	-72	13	-72
20-22,5	20	-10	-53	9	-54
22,5-25	34	-11	-99	24	-87
25-30	23	-15	-76	9	-82
30-32,5	54	-53	-253	36	-270
50-100	25	-52	-205	30	-227
100-202,5	19	-79	-340	43	-377
202,5+	14	-106	-604	87	-623
Samtals	15.345	-1.293	-3.482	1.661	-3.114
Sameignarfélag					
0-0,5	1.159	-21	-6	11	-16
0,5-1	130	-4	-12	2	-14
1-1,5	87	-4	-13	3	-14
1,5-2	35	-2	-8	1	-8
2-2,5	39	-2	-11	1	-12
2,5-3	29	-2	-10	1	-11
3-3,5	29	-1	-12	1	-12
3,5-4	15	-1	-7	1	-7
4-5	22	-1	-12	1	-13
5-6	18	-2	-12	1	-14
6-8	17	-1	-14	1	-14
8-10	15	-4	-16	0	-19
10-15,5	15	-51	-22	2	-71
15,5+	17	-7	-56	4	-59
Samtals	1.627	-102	-211	31	-282
Alþjóðleg viðskiptafélög					
0-0,5	8	0	0	0	0
0,5-58	1	0	0	0	0
58+	1	0	0	0	0
Samtals	10	0	0	0	0
Félög undanþegin tekju- og eignarskatti					
0-0	6.820	0	0	976	976
Samtals	6.820	0	0	976	976
Lögaðilar samtals	23.802	-1.396	-3.693	2.669	-2.420

6.11.2001

Breytingar á sköttum lögaðila eftir áhrifum

(Í milljónum króna)

Hagnaður/tap	Fjöldi félaga	Breyting á eignarskatti	Breyting á tekjusköttum	Breyting á tryggingagjaldi	Heildarbreyting skatta
Hlutafélög					
Félög sem hagnast	7.827	-1.182	-3.453	651	-3.983
Óbreytt	3.293	0	0	0	0
Félög sem tapa	4.225	-111	-29	1.010	870
Samtals	15.345	-1.293	-3.482	1.661	-3.114
Sameignarfélög					
Félög sem hagnast	891	-101	-209	21	-290
Óbreytt	476	0	0	0	0
Félög sem tapa	260	-1	-1	10	8
Samtals	1.627	-102	-211	31	-282
Alþjóðleg viðskiptafélög					
Félög sem hagnast	1	0	0	0	0
Óbreytt	8	0	0	0	0
Félög sem tapa	1	0	0	0	0
Samtals	10	0	0	0	0
Félög undanþegin tekju- og eignarskatti					
Félög sem tapa	1.752	0	0	976	976
Óbreytt	5.068	0	0	0	0
Samtals	6.820	0	0	976	976
Lögaðilar samtals	23.802	-1.396	-3.693	2.669	-2.420

6.11.2001

Breytingar á sköttum lögaðila eftir tryggingagjaldi

(Í milljónum króna)

Tryggingagjald	Fjöldi félaga	Breyting á eignarskatti	Breyting á tekjusköttum	Breyting á tryggingargjaldi	Heildarbreyting skatta
Hlutafélög					
0-2,5	14.651	-611	-2.111	484	-2.238
2,5-5	331	-103	-269	167	-205
5-7,5	132	-68	-201	117	-152
7,5-10	54	-32	-54	69	-17
10-12,5	37	-49	-49	61	-36
12,5-15	24	-31	-96	49	-78
15-20	22	-62	-143	56	-149
20-30	39	-112	-121	139	-94
30-50	31	-97	-231	176	-152
50-102,5	17	-82	-166	170	-78
102,5+	7	-46	-41	174	87
Samtals	15.345	-1.293	-3.482	1.661	-3.114
Samelgnarfélög					
0-0,5	1.519	-93	-138	12	-218
0,5-1	71	-5	-27	7	-24
1-1,5	16	-3	-11	3	-11
1,5-2	10	-1	-18	3	-17
2+	11	-2	-17	6	-13
Samtals	1.627	-102	-211	31	-282
Alþjóðleg viðskiptafélög					
0+	10	0	0	0	0
Samtals	10	0	0	0	0
Félög undanþegin tekju- og eignarskatti					
0-2,5	6.644	0	0	71	71
2,5-5	67	0	0	35	35
5-7,5	27	0	0	24	24
7,5-10	13	0	0	17	17
10-12,5	11	0	0	18	18
12,5-15	12	0	0	24	24
15-17,5	15	0	0	37	37
15-47,5	19	0	0	88	88
47,5+	12	0	0	662	662
Samtals	6.820	0	0	976	976
Lögaðilar samtals	23.802	-1.396	-3.693	2.669	-2.420

Tekjuskattar

Áhrif af lækkun skatthlutfalls um 0,33 prósentustig og
hækkun viðmiðunarmarka fyrir sérstakan tekjuskatt um 15 %

Hjón

Skattstofn	Tekjuskattar nú	Meðalskatt-hlutfall nú	Tekjuskattar breyttir	Meðalskatt-hlutfall br.	Lækkun skatta kr.	Skatthlutfall lækkun %
1.000.000	0	0	0	0	0	0
2.000.000	169.320	8,5%	162.720	8,1%	6.600	0,3%
4.000.000	944.520	23,6%	931.320	23,3%	13.200	0,3%
6.000.000	1.719.720	28,7%	1.699.920	28,3%	19.800	0,3%
8.000.000	2.584.534	32,3%	2.468.520	31,1%	97.114	1,2%
10.000.000	3.499.734	35,0%	3.396.020	34,0%	103.714	1,0%

Einhleypingar

Skattstofn	Tekjuskattar nú	Meðalskatt-hlutfall nú	Tekjuskattar breyttir	Meðalskatt-hlutfall br.	Lækkun skatta kr.	Skatthlutfall lækkun %
750.000	0	0	0	0	0	0
1.500.000	278.460	18,6%	273.510	18,2%	4.950	0,3%
3.000.000	859.860	28,7%	849.960	28,3%	9.900	0,3%
4.500.000	1.521.067	33,8%	1.470.860	32,7%	50.207	1,1%
6.000.000	2.207.467	36,8%	2.152.310	35,9%	55.157	0,9%
7.500.000	2.893.867	38,6%	2.833.760	37,8%	60.107	0,8%

Sérstakur tekjuskattur, fjöldi gjaldenda og fjárhæð

(í milljónum króna)	Fjöldi gjaldenda			Sérstakur tekjuskattur		
	Álagning 2001	Frumvarp	Breyting	Álagning 2001	Frumvarp	Breyting
Einhleypir	6.411	3.926	-2.485	488	311	-177
Maki-1	5.106	2.926	-2.180	673	430	-243
Maki-2	2.989	1.639	-1.350	325	199	-126
Hjón samtals	6.826	3.919	-2.907	998	628	-369
Samtals	14.506	8.491	-6.015	1.486	939	-546

Fjöldi skattgreiðenda 1991-2001

Álagningarár	Framteljendur með útsvarsskyldar tekjur	Gjaldendur tekjuskatts / útsvars	Gjaldendur sérstaks tekjuskatts	Hlutfall með almennan tekjuskatt	Hlutfall með sérstakan tekjuskatt
1991	186.890	95.639	-	51,2%	-
1992	189.488	97.642	-	51,5%	-
1993	191.208	96.834	-	50,6%	-
1994	193.015	103.988	7.511	53,9%	3,9%
1995	195.336	101.387	7.631	51,9%	3,9%
1996	197.992	103.486	5.636	52,3%	2,8%
1997	200.684	112.681	7.272	56,1%	3,6%
1998	202.327	109.703	9.320	54,2%	4,6%
1999	206.440	118.945	9.502	57,6%	4,6%
2000	210.242	127.031	12.094	60,4%	5,8%
2001	214.716	135.308	15.144	63,0%	7,1%

Tekjur, tekjuskattar og skatthlutföll 2001, einhleypir

Alagning 2001 Í milljónum króna				Tekjur				Tekjuskattar					Bætur		Skattar-bætur		
Hlutfal framteldna á tekjubilí %	Fjöldi einstaklinga á tekjubilí	Tekjubilí	Meðaltekjur á tekjubilí	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsstof- n	Ívilnanir /skattfrjálsar greiðslur*	Almennur tekjuskattur	Útsvar	Sérstakur tekjuskattur	Fjármagns- tekjuskattur	Tekjuskattar samtals	Barnabætur	Vaxtabætur	Skattar að frádrögnum bótum	Skatthlutfall	Skatthlutfall eftir breytingu
0-5	4.828	0-0,3	0,151	731	686	22	20	-80	80	0	0	1	28	12	-40	-5,5%	-5,5%
5-10	4.827	0,3-0,4	0,360	1.738	1.606	43	41	-191	191	0	0	0	38	18	-56	-3,2%	-3,2%
10-20	9.655	0,4-0,7	0,595	5.748	5.285	119	167	-629	630	0	0	2	137	60	-195	-3,4%	-3,4%
20-30	9.655	0,7-0,9	0,839	8.104	7.564	129	207	-727	903	0	6	182	188	106	-112	-1,4%	-1,4%
30-40	9.655	0,9-1,1	1,047	10.110	9.433	223	253	-311	1.123	0	19	831	231	135	465	4,6%	4,6%
40-50	9.654	1,1-1,3	1,238	11.948	11.095	327	289	110	1.325	0	31	1.465	235	160	1.070	9,0%	9,0%
50-60	9.655	1,3-1,6	1,469	14.180	12.838	505	475	556	1.533	0	49	2.139	328	196	1.615	11,4%	11,4%
60-70	9.655	1,6-2	1,774	17.131	15.116	577	923	1.148	1.807	0	57	3.012	378	237	2.396	14,0%	14,0%
70-80	9.655	2-2,4	2,180	21.051	18.985	650	724	2.149	2.271	0	64	4.484	356	291	3.837	18,2%	18,2%
80-90	9.655	2,4-3,2	2,774	26.779	24.216	844	731	3.487	2.896	0	83	6.467	263	316	5.889	22,0%	22,0%
90-95	4.827	3,2-4	3,568	17.222	15.501	676	433	2.606	1.852	33	67	4.558	76	149	4.334	25,2%	25,0%
95-98	2.897	4-5,2	4,531	13.126	11.588	718	382	2.147	1.384	160	72	3.762	21	64	3.677	28,0%	27,3%
98-100	1.930	5,2+	7,988	15.417	10.490	3.541	1.010	2.163	1.251	317	354	4.085	8	18	4.058	26,3%	25,9%
Einhleypir samtals	96.548		1,691	163.287	144.402	8.375	5,656	12.428	17.247	510	801	30.987	2.287	1.762	26.938	16,5%	16,4%

*Ýmsar skattfrjálsar greiðslur eru greiðslur frá alþjóðastofnunum, ýmsar skattfrjálsar greiðslur Tryggingastofnunar og aðrar skattfrjálsar greiðslur s.s. óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga, dreifbylisstyrkur og aðrar skattfrjálsar greiðslur. Ívilnanir eru skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa og ívilnun vegna 66. greinar laga 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Tekjur, tekjuskattar og skatthlutföll 2001, hjón og samskattaðir

Atlagning 2001 í milljónum króna				Tekjur				Tekjuskattar					Bætur		Skattar-bætur		
Hlutfal framtejdna á á tekjubili %	Fjöldi fjolskyldna á tekjubili	Tekjubil	Meðaltækjur fjolskyldu	Tekjur alls	Stofn almenns tekjuskatts	Fjármagns- tekjuskattsstofn	Ívilnanir /skattfrjálssar greiðslur*	Almennur tekjuskattur	Útsvar	Sérstakur tekjuskattur	Fjármagnste kju-skattur	Tekjuskattar samantals	Barnabætur	Vaxtabætur	Skattar að fráðregnum bótum	Skatthlutfall	Skatthlutfall eftir breytingu
0-5	2.887	0-1,7	1,348	3.891	3.570	159	81	-393	427	0	6	40	218	110	-287	-7,4%	-7,4%
5-10	2.886	1,7-2,1	1,892	5.462	4.985	269	123	-308	596	0	24	312	159	100	53	1,0%	1,0%
10-20	5.773	2,1-2,7	2,378	13.728	12.387	726	314	-27	1.482	0	70	1.525	354	265	905	6,6%	6,6%
20-30	5.773	2,7-3,3	3,003	17.335	15.713	706	380	810	1.879	0	70	2.759	384	329	2.045	11,8%	11,8%
30-40	5.773	3,3-3,8	3,566	20.586	18.732	648	470	1.577	2.241	0	64	3.882	300	354	3.228	15,7%	15,7%
40-50	5.772	3,8-4,3	4,083	23.568	21.519	737	442	2.288	2.575	0	73	4.936	205	345	4.387	18,6%	18,6%
50-60	5.773	4,3-4,9	4,615	26.642	24.376	769	461	3.000	2.916	0	77	5.993	140	321	5.533	20,8%	20,8%
60-70	5.773	4,9-5,6	5,215	30.105	27.489	954	474	3.805	3.289	0	95	7.189	102	293	6.794	22,6%	22,6%
70-80	5.773	5,6-6,4	5,954	34.375	31.113	1.281	601	4.739	3.718	0	128	8.585	90	254	8.241	24,0%	24,0%
80-90	5.773	6,4-8	7,107	41.026	36.443	2.114	784	6.155	4.352	51	211	10.769	78	199	10.492	25,6%	25,5%
90-95	2.886	8-9,9	8,799	25.395	21.535	2.211	638	3.988	2.568	225	220	7.002	37	60	6.904	27,2%	26,5%
95-98	1.732	9,9-13	11,138	19.291	15.247	2.800	517	3.026	1.815	306	280	5.426	21	13	5.392	28,0%	27,4%
98-100	1.154	13+	21,027	24.265	12.011	11.074	697	2.538	1.427	354	1.107	5.426	11	1	5.413	22,3%	22,0%
Samskattaðir samantals	57.728		4,949	285.668	245.120	24.450	5.983	31.199	29.284	937	2.425	63.845	2.100	2.644	59.101	20,7%	20,5%

*Ýmsar skattfrjálssar greiðslur eru greiðslur frá alþjóðastofnunum, ýmsar skattfrjálssar greiðslur Tryggingastofnunar og aðrar skattfrjálssar greiðslur s.s. óskattskyldar greiðslur tryggingafélaga, dreifbýlisstyrkur og aðrar skattfrjálssar greiðslur. Ívilnanir eru skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa og ívilnun vegna 66. greinar laga 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

Námslán, vaxtagjöld og eftirstöðvar 2000

(i milljónum króna)	Lánþegar	Skattgreiðendur
Fjöldi lánþega	32.620	22.813
Tekjuskattsstofn	71.595	66.509
Tekjuskattur	11.097	11.097
Útsvar	8.748	8.120
Vaxtagjöld	703	626
Eftirstöðvar láns	47.072	33.301